

Alþingi
Erindi nr. P 140/588
komudagur 23.11.2011

Sameiginleg yfirlýsing
fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og
Samtaka atvinnulífsins og stórnotenda á raforku, hins vegar, um
ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og
til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku, sem undirrita yfirlýsingu þessa, hins vegar, hafa orðið sammála um eftirtaldar ráðstafanir er hafa það að markmiði að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkissjóðs á árunum 2010, 2011 og 2012, ásamt því að örva fjárfestingar hér á landi í því skyni að stuðla að atvinnusköpun og bættem hag þjóðarbúsins:


1. Vegna mikils samdráttar í efnahagslífinu og erfiðrar stöðu ríkissjóðs í kjölfar hans hefur það orðið að samkomulagi við nokkra af stærstu notendum raforku í landinu að þeir greiði fyrirfram árlega samtals kr. 1.200 milljónir á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Fyrirframgreiðslan skiptist milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun. Fyrirframgreiðslan er bundin við uppgjörsmýnt þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.
2. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljóttandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.
3. Ríkisstjórnin mun leggja fram í upphafi vörpings 2010 frumvarp til laga um ívilnanir vegna fjárfestinga á Íslandi. Markmið þeirra laga verður að örva fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi og að tryggja markvissa beitingu hvata til fjárfestinga, innan þess ramma sem ákvæði EES samningsins setja.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um skattlagningu raforku (*Council Directive 2003/96/EC of 27 October 2003 restructuring the Community framework for the taxation of energy products and electricity*) eru til staðar ákveðnar heimildir fyrir stjórnvöld til að


veita ívilnanir til fyrirtækja vegna fjárfestinga og annarra ráðstafana þeirra sem fela í sér orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna umhverfisvænna fjárfestinga. Í tengslum við framangreint frumvarp munu stjórnvöld kanna kosti þess að nýta slík úrræði svo sem heimildir standa til þannig að þau megi nýtast fyrirtækjum sem starfa eða hyggjast starfa hér á landi.

Reykjavík 7. desember 2009.


Fjármálaráðherra




F.h. Samtaka atvinnulífsins




Iðnaðarráðherra




F.h. Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.



F.h. Elkem á Íslandi ehf.



F.h. Alcoa á Íslandi hf.



F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.

